

Sveitarfélagið Hornafjörður
Hafnarbraut 27
780 Höfn í Hornafirði

Reykjavík 17. janúar 2019
UST201812-187/A.B.
10.04.02

Efni: Lýsing – Breyting á Aðalskipulagi Hornafjarðar og nýtt deiliskipulag - Háhóll í Nesjum

Vísað er til erindis skipulagsstjóra Sveitarfélagsins Hornafjarðar er barst 27. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins og að nýju deiliskipulagi fyrir Háhól í Nesjum.

Í greinargerð lýsingar kemur fram að breytingin tekur yfir tvö svæði, sem eru samtals um 5 ha, sem skilgreind eru sem landbúnaðarsvæði í gildandi aðalskipulagi en verða skilgreind sem verslunar- og þjónustusvæði eftir breytingu. Einnig segir að megin markmið með aðalskipulagsbreytingunni er að staðsetja tvö ný verslunar- og þjónustusvæði í landi Háhóls/Hjarðarnes og Dilksness þar sem heimiluð verður gistipjónusta fyrir allt að 85 gesti, veitingaþjónusta og verslun.

Það er mat Umhverfisstofnunar að mikilvægt er að byggja upp innviði svæðisins og setja umgengisreglur til að tryggja að umhverfi og lífríki svæðisins rými ekki. Umhverfisstofnun tekur því undir að heildarsvæðið sé deiliskipulagt áður en farið er út í einstakar framkvæmdir.

Sérstök vernd

Í greinargerð kemur fram að land er að mestu leyti vel gróið og landið einkennist af grónum klapparholtum með votlendissvæðum og lækjarfarvegum. Auk þess kemur fram að skv. 61 gr. náttúruverndarlaga, nr. 60/2013, njóta votlendissvæði, yfir 2 ha sérstakrar verndar en ekki liggur fyrir skilgreining eða afmörkun á votlendissvæðum. Umhverfisstofnun bendir á vistgerðarkort (<http://vistgerdakort.ni.is/>) og kort um sérstaka vernd (<https://serstokvernd.ni.is/>) Náttúrufræðistofnunnar Íslands þar sem hægt er að finna skilgreiningu og afmörkun votlendis á skipulagssvæðinu.

Umhverfisstofnun bendir á líkt og kemur fram í greinargerð að votlendið á skipulagssvæðinu falli undir a. lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. greinarinnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúruyfyrirbæra sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Með orðalaginu „brýn nauðsyn“ er lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnunar bendir á mikilvægi þess að skipulagstillagan sem hér er til umfjöllunar raski ekki votlendi.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til rækilégrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. gr. og 3. gr. laga um náttúruvernd auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr.

Girðingar

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að girðingar hindri ekki umferð gangandi manna. Í 26. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 er fjallað um girðingar og þar segir: „Óheimilt er að setja niður girðingu á vatns-, ár- eða sjávarbakka þannig að hindri umferð gangandi manna. Ef mannvirki hindrar för um bakka skal sem kostur er séð fyrir göngustíg kringum mannvirkið og að bakkanum aftur. Þegar girða þarf yfir forna þjóðleið eða skipulagðan göngu-, hjólreiða- eða reiðstíg skal sá sem girðir hafa þar hlið á girðingu. Heimilt er að hafa göngustiga í stað hliðs þegar girt er yfir skipulagðan göngustíg.“

Rými meðfram ám og sjó

Stofnunin bendir á að í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 kemur eftirfarandi fram í gr.5.3.2.14., skipulag við vötn ár og sjó. „Við afmörkun lóða á svæðum utan þéttbýlis skal þess gætt að rými sé fyrir aðkomu að og meðfram vötnum, ám og sjó. Utan þéttbýlis skal ekki reisa mannvirki nær vötnum, ám eða sjó en 50 m. Þó er heimilt að reisa samgöngumannvirki svo sem brýr og stíflur og fyrirhleðslur í tengslum við virkjanir fallvatna og varnir gegn ágangi sjávar og vatns nær vötnum, ám og sjó en 50 m.“ Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það sé nægt rými fyrir meðfram ám og sjó, svo að útivistargildi skerðist ekki.

Umhverfisáhrif og B-hluti náttúrminjaskrá

Náttúrufræðistofnun Íslands setur fram tillögur að svæðum á framkvæmdaáætlun (B-hluta) náttúruminjaskrár út frá verndun vistgerða, fugla og jarðminja. B-hluti er framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár þ.e. skrá yfir þær náttúruminjar sem Alþingi hefur ákveðið að setja í forgang um friðlýsingu eða friðun á næstu fimm árum. Umhverfisstofnun vill benda á að svæðið sem skipulagstillagan nær til er á tillögu að framkvæmdaráætlun (B-hluta) og kallast Hornafjörður-Kolgríma. Umhverfisstofnun bendir á að upplýsingar um ofangreint svæði er að finna á heimasíðu Náttúrufræðistofnunar Íslands og á kortasjánni <https://natturuminjaskra.ni.is/>.


Í greinargerð kemur fram að við vinnslu tillögunnar verða skoðuð áhrif á helstu umhverfispætti og þeir metnir skv. gr. 5.4.1. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Það er mat stofnunarinnar að mikilvægt er að hafa þær upplýsingar fyrir ofangreint svæði til hliðsjónar þegar skipulagsáætlunin er unnin, þegar áhrif á helstu umhverfispætti eru metin og til að tryggja að verndargildi svæðisins rýrni ekki. Auk þess bendir stofnunin á að þegar framkvæmdaáætlun (B- hluti) náttúruminjaskrár hefur verið samþykkt getur það haft áhrif á verndarstöðu svæðisins.



Axel Benediktsson
Sérfræðingur

Virðingarfyllst



Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur